


# ÁRSREIKNINGUR 2015

KYNNING FYRIR FJÁRFESTA
24. FEBRÚAR 2016

Arion banki

# ARION BANKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

### Viðskiptabanki

- ~ 30% markaðshlutdeild
- Stærsti lánveitandi íbúða-lána á eftir Íbúðalánasjóði
- Fjölbreytt fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki
- Áhersla á hraðþjónustu – app og netbanka

### Eignastýring

- Í forystu á sviði eignastýringar
- Eignir í stýringu jafn miklar og efnahagur bankans
- Þjónustar fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga

### Fjárfestingarbanki

- Leiðandi í markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf
- Alhliða fjárfestingarbanka-þjónusta
- Umsjón með öllum kauphallarskráningum ársins

### Fyrirtækjabanki

- Þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins
- Veitir sérsniðna þjónustu að þörfum viðskiptavina
- Lánveitingar til erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum

# DÓTTURFÉLÖG GEGNA MIKILVÆGU HLUTVERKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

**VALITOR**

- Leiðandi á sviði færsluhirðingar og kortaútgáfu
- Með starfsemi á Íslandi, í Danmörku og í Bretlandi
- Hluti af VISA Evrópu and MasterCard International

**okkar**

- Leiðandi á sviði líftrygginga
- Áhersla á einstaklings-miðaða þjónustu
- Samstarf á sviði sölumála við Arion banka

**STEFNIR**

- Stærsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins
- Þjónustar einstaklinga og fagfjárfesta
- Stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

**vörður**

- Vörður er fjórða stærsta skaða-tryggingafélag landsins með ríflega 10% markaðshlutdeild
- Arion banki hefur komist að samkomulagi um kaup á 51% eignarhlut í félaginu
- Kaupin eru háð samþykki eftirlits-aðila á Íslandi

# HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS 2015

## BANKI ÁRSINS OG KAFLASKIL MEÐ ÚRLAUSN MIKILVÆGRA MÁLA

### Banki ársins 2015 á Íslandi – The Banker

- Bankinn styrkti sig á öllum helstu mörkuðum
- Alhliða banki með áherslu á þóknanatekjur, ekki síst af eignastýringu og fjárfestingarbankastarfsemi
- Bankinn hefur aukið fjölbreytni í fjármögnun, meðal annars með útgáfu erlendis
- Áhersla á stafræna þjónustu. Arion appið nýtur sívaxandi vinsælda




### Stór úrlausnarmál til lykta leidd

- Arion banki hafði umsjón með öllum þremur skráningum á NASDAQ Íslandi á árinu; Eik fasteignafélag, Reitir fasteignafélag og Síminn
  - Í aðdraganda skráninga seldi bankinn hluti í félögunum þremur í almennu hlutafjárútboði
- Sala og skráning á hlutum í Refresco Gerber
  - Félög í Arion banka samstæðunni áttu beint eða óbeint 9,3% hlut í félaginu og var um helmingur af þeirri eign seldur
- Unnið var markvisst að sölu á 46% eignarhlut dótturfélagsins BG12 slhf. í Bakkavor Group Ltd. í samvinnu við aðra hluthafa félagsins
  - Í byrjun árs 2016 var eignarhluturinn seldur

# HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS 2015

## LÁNSHÆFISMAT Í FJÁRFESTINGARFLOKK

### Aukinn aðgangur að lánsfjármörkuðum

- Arion banki var fyrstur íslenskra banka til að gefa út skuldabréf í evrum til breiðs hóps fjárfesta – skuldabréfið nam 300 milljónum evra
- Óhagstæðari lán greidd upp og fjármagns-kostnaður lækkaður
- Bankinn gaf út skuldabréf fyrir samtals 800 milljónir norskra króna
- Arion banki gaf út sértryggð skuldabréf fyrir 23,6 milljarða króna á árinu
- Seljanleiki sértryggðra skuldabréfa aukinn til muna með samningum um viðskiptavakt sértryggðra skuldabréfa við Kviku, Íslandsbanka og Landsbanka
- Lánshæfismat Arion banka hækkað úr BB+ í BBB- með jákvæðum horfum

STANDARD & POOR'S RATINGS SERVICES
McGRAW HILL FINANCIAL

### Vöxtur í lánveitingum til fyrirtækja

- Almennt góður vöxtur í lánum til fyrirtækja
  - Fjármögnun tveggja uppsjávarskipa HB Granda í samstarfi við DNB Bank
  - Fjármögnun á nýjum frystitogara Ramma hf. í samstarfi við DNB Bank
  - Samningur um útgáfu skuldabréfs Landsvirkjunar
  - Fjármögnun og ráðgjöf til Sameinaðs sílíkons hf. vegna fyrstu kísilmálmverksmiðju landsins
  - Fjármögnunarsamningar og ráðgjöf vegna fyrirætlana um uppbyggingu 5 stjörnu Marriot Edition hótels á Hörpureit
- Aukin hlutdeild í bíla-og tækjafjármögnun
- Sérkjör kynnt vegna kaupa á fyrstu íbúð
  - Lán sem nema allt að 85% af markaðsvirði
  - Engin lántökugjöld

# HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS 2015

## ÁHERSLA Á ÞJÓNUSTU VIÐ FJÁRFESTA OG NÝSKÖPUN

### Öflug eignastýring

- Eignir í stýringu hjá bankanum, án dótturfélaga, náði yfir 500 ma.kr. á árinu – góð ávöxtun á eignasöfn á árinu 2015
- Vel heppnuð sala á fasteignum SRE I og SRE II til Reita
- Fjálsi lífeyrissjóðurinn útnefndur besti lífeyris-sjóðurinn í Evrópu í sínum flokki af IPE



### Nýsköpun – Besti viðskiptahraðall Norðurlanda

- Fjárfest í sprotasjóðnum Eyrir Sprotar fyrir 800 milljónir króna
- Fjórða árið sem Arion banki heldur Startup Reykjavík. Bankinn hefur fjárfest í 40 sprotafyrirtækjum á þessum fjórum árum, auk fyrirtækja í gegnum Startup Energy Reykjavík
- Startup Reykjavík fékk viðurkenningu frá Nordic Startup Awards sem besti viðskiptahraðall Norðurlanda
- Stóðum bak við Nýsköpunarkeppni grunnskóla

NORDIC STARTUP AWARDS



Arion banki

# HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS 2015

## ÁBYRGUR ÞÁTTTAKANDI Í SAMFÉLAGINU

### Virkur þátttakandi í samfélaginu

- Færðum Landspítalanum 400 ný sjúkrarúm
- Rafvæddum hluta af bílakosti okkar
- Við komum að og héldum ótal áhugaverða og skemmtilega viðburði, ráðstefnur, sýningar, fræðslufundi og námskeið
  - 47 þúsund mættu á þessa viðburði
  - Kauphallardagar Arion banka haldnir fimmta árið í röð
  - Listasýningar og fyrirlestrar í höfuðstöðvum; Hrafnkell Sigurðsson, Fletir og Georg Guðni
- Aðalstyrktaraðili Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015, þar sem sérstakt sjávarútvegsrit var gefið út
- Skrifuðum undir yfirlýsingu um markmið í loftslagsmálum

### Jafnlaunavottun VR

- Arion banki hlaut fyrstur íslenskra banka Jafnlaunavottun VR
- Kerfið mun tryggja að starfsfólk sem vinnur sömu eða sambærileg störf sé ekki mismunað í launum
- Arion banki er fjölmennasta fyrirtækið til að hljóta Jafnlaunavottun VR

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

VR-15-024

### Góðir stjórnarhættir

- Arion banki fékk viðurkenningu frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum árið 2015

# LYKILTÖLUR 2015

| Rekstur | Fjárhagur | Skilvirkni | Gæði eigna |
| --- | --- | --- | --- |
| Hagnaður 49.679 m.kr. 2014: 28.594 m. kr. | Eiginfjárþáttur A 23,4% 31.12.2014: 21,8% | Kostnaðarhlutfall 32,6% 2014: 50,1% | Vandræðalán 2,5% 31.12.2014: 4,4% |
| Arðsemi eigin fjár 28,1% 2014: 18,6% | Vogunarhlutfall 16,7% 31.12.2014: 15,4% | Starfsmenn 1.147 31.12.2014: 1.120 | Íbúðalán / Heildar útlán 39,4% 31.12.2014: 42,8% |



# REKSTRARREIKNINGUR

Arion banki

# REKSTRARREIKNINGUR

Allar fjárhæðir í milljónum króna

## MIKILL HAGNAÐUR Á 4F VEGNA SÖLU OG VIRÐISBREYTINGA SÍMANS OG BAKKAVARAR

- Hreinar vaxtatekjur hækka, einkum vegna hærri verðbólgu og áherslu á lausafjárstýringu
- Hreinar þóknanatekjur aukast í flestum starfsþáttum
- Hreinar fjármunatekjur aukast vegna hagstæðra markaðsaðstæðna á 4F, einkum í hlutabréfum
- Hagnaður af sölu og virðisbreytingum eignarhlutar í Símanum og virðisbreyting á eignarhlut í Bakkavor hafa mikil áhrif á fjórðunginn
- Neikvæð virðisbreyting á fjórðungnum er einkum vegna útlána til erlendra þjónustu-fyrirtækja sem tengjast olíuiðnaði

| | 4F 2015 | 4F 2014 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 6.705 | 5.911 | 794 | 13% |
| Hreinar þóknanatekjur | 3.758 | 3.190 | 568 | 18% |
| Hreinar fjármunatekjur | 2.668 | 1.429 | 1.239 | 87% |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 22.510 | 3.525 | 18.985 | 539% |
| Aðrar rekstrartekjur | 537 | 1.683 | (1.146) | -68% |
| **Rekstrartekjur** | **36.178** | **15.738** | **20.440** | **130%** |
| Laun og launatengd gjöld | (4.572) | (3.953) | (619) | 16% |
| Annar rekstrarkostnaður | (4.288) | (4.465) | 177 | -4% |
| Bankaskattur | (650) | (635) | (15) | 2% |
| Hrein virðisbreyting | (2.973) | (742) | (2.231) | 301% |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **23.695** | **5.943** | **17.752** | **299%** |
| Tekjuskattur | 504 | (223) | 727 | - |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta | 83 | 241 | (158) | -66% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **24.282** | **5.961** | **18.321** | **307%** |

Arion banki

# REKSTRARREIKNINGUR

Allar fjárhæðir í milljónum króna

## MIKILL HAGNAÐUR VEGNA SÖLU OG VIRÐISBREYTINGA Á EIGNARHLUTUM Í FÉLÖGUM

- Góð afkoma af reglulegri starfsemi, þar sem hagnaður nam 16.786 m.kr. og arðsemi eiginfjár nam 10,4%
- Vöxtur í hreinum þóknana-tekjum sem eru að aukast í flestum starfsþáttum
- Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga hefur mikill áhrif á hagnað ársins
- Rekstrarkostnaður eykst lítillega milli ára
- Neikvæð hrein virðis-breyting vegna AFL- sparisjóðs og útlána til erlendra þjónustuaðila í olíu iðnaði

| | 2015 | 2014 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 26.992 | 24.220 | 2.772 | 11% |
| Hreinar þóknanatekjur | 14.484 | 13.309 | 1.175 | 9% |
| Hreinar fjármunatekjur | 12.844 | 7.290 | 5.554 | 76% |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 29.466 | 3.498 | 25.968 | 742% |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.769 | 5.673 | (2.904) | -51% |
| **Rekstrartekjur** | **86.555** | **53.990** | **32.565** | **60%** |
| Laun og launatengd gjöld | (14.892) | (13.979) | (913) | 7% |
| Annar rekstrarkostnaður | (13.304) | (13.061) | (243) | 2% |
| Bankaskattur | (2.818) | (2.643) | (175) | 7% |
| Hrein virðisbreyting | (3.087) | 2.135 | (5.222) | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **52.454** | **26.442** | **26.012** | **98%** |
| Tekjuskattur | (3.135) | (4.679) | 1.544 | -33% |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta | 360 | 6.833 | (6.473) | - |
| **Hagnaður ársins** | **49.679** | **28.596** | **21.083** | **74%** |

# HREINAR VAXTATEKJUR

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## HREINAR VAXTATEKJUR HÆKKA VEGNA HÆRRI VERÐBÓLGU OG AUKINNAR ÁHERSLU Á FJÁRMÖGNUN

- Vaxtamunur hækkar milli ára vegna hækkunar á verðbólgu milli ára og breytinga á fármögnun
- Ný fjármögnun á árinu að mestu leiti í formi skuldabréfa-útgáfu, innlán voru fremur stöðug
- Aukinn áhersla á fjármögnun og lausafjár-stýringu hefur stuðlað að hækkun á vaxtamun milli ára









# HREINAR ÞÓKNANATEKJUR

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR SÉRSTAKLEGA Í GREIÐSLUKORTUM OG EIGNASTÝRINGU

- Vöxtur í hreinum þóknanatekjum af greiðslukortum er einkum í tengslum við vöxt á Norðurlöndum og í Bretlandi
- Gott ár í eignastýringu þar sem hreinar þóknanatekjur aukast um tæp 15% milli ára
- Eignir í stýringu voru 997 ma.kr. í árslok 2015 samanborið við 924 ma.kr. í árslok 2014, sem jafngildir nánast stærð efnahagsreiknings Arion banka
- Góður vöxtur í fjárfestingabankastarfsemi, sem hefur verið leiðandi í endurreisn íslensk hlutabréfamarkaðar

Skipting á hreinum þóknanatekjum 2015




Hreinar þóknanatekjur




Arion banki

# HREINAR FJÁRMUNATEKJUR

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## MIKIL ÁHRIF Á HAGNAÐ ÁRSINS

- Mjög góð ávöxtun á hlutabréfum, einkum vegna hlutabréfa í Refresco Gerber í tengslum við skráningu félagsins á markað í Amsterdam
- Úrvalsvísitalan OMXI8 hækkaði um 43% á árinu
- Bankinn á töluverða eignarhluti í Reitum, Símanum og HB Granda í eftir að hafa selt meirihluta í tengslum við skráningu félaganna. Verð á þessum hlutabréfum hækkaði á árinu
- Ágæt afkoma af skuldabréfum










Arion banki

# HLUTDEILD Í HAGNAÐI HLUTDEILDARFÉLAGA

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## SALA OG VIRÐISBREYTING EIGNARHLUTA HAFA MIKLI EINSKIPTIS ÁHRIF







- Reitir fasteignafélag hf. var skráð á Nasdaq Ísland í apríl og bankinn seldi umtalsverðan hlut í aðdraganda skráningarinnar
- Síminn hf. var skráður á Nasdaq Ísland í október og bankinn seldi umtalsverðan hlut í aðdraganda skráningarinnar
- Eignarhlutur í Bakkavör Group Ltd. var endurmetinn í árslok 2015 í tengslum við sölu félagsins í janúar 2016

Arion banki

# REKSTRARKOSTNAÐUR

**Allar fjárhæðir í milljörðum króna**

## AUKNING Í KOSTNAÐI Í KJÖLFAR AUKINNA UMSVIFA

- Hækkun launa og launatengdra gjalda og annars rekstrarkostnaðar er einkum í tengslum við aukin umsvif Valitor erlendis
- Tölvu- og markaðskostnaður hækka frá fyrra ári
- Starfsmönnum hjá Arion banka fjölgar lítillega vegna samruna við AFL-sparisjóð
- Mjög lágt kostnaðarhlutfall vegna hárra einskiptis tekna

Kostnaðarhlutfall (%)




Rekstrarkostnaður




Starfsmannafjöldi




Arion banki

# EFNAHAGSREIKNINGUR



# EFNAHAGSREIKNINGUR

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## ÁHERSLA Á VEL STÝRÐAN VÖXT ÚTLÁNA, GÆÐI EIGNA OG FJÁRMÖGNUN

- Útlán til viðskiptavina hækkuðu á árinu, einkum vegna útlána til fyrirtækja
- Innlán hækkuðu á árinu og lausafjárstaða er áfram sterk
- Arion banki jók lántöku með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum innanlands og alþjóðlegri á óveðtryggðum skuldabréfum
- Víkjandi skuldir greiddar upp að hluta á árinu
- Sterk eiginfjárstaða í árslok

| **Eignir** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands | 48 | 21 | 38 | 30 | 29 |
| Útlán til lánastofnana | 87 | 109 | 102 | 101 | 69 |
| Útlán til viðskiptavina | 680 | 648 | 636 | 567 | 562 |
| Verðbréfaeign | 133 | 102 | 87 | 138 | 158 |
| Fjárfestingareignir | 8 | 7 | 29 | 29 | 27 |
| Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 27 | 22 | 18 | 7 | 3 |
| Aðrar eignir | | 26 | 30 | 30 | 45 |
| **Eignir samtals** | **1.011** | **934** | **939** | **901** | **892** |

| **Skuldir og eigið fé** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands | 11 | 23 | 28 | 33 | 16 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 469 | 455 | 472 | 449 | 490 |
| Aðrar skuldir | 62 | 61 | 58 | 59 | 52 |
| Lántaka | 256 | 201 | 205 | 195 | 187 |
| Víkjandi skuldir | 10 | 32 | 32 | 34 | 32 |
| Eigið fé | 193 | 161 | 140 | 127 | 110 |
| Hlutdeild minnihluta | 9 | 2 | 5 | 4 | 4 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.011** | **934** | **939** | **901** | **892** |



Arion banki

# ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## AUKIN EFTIRSPURN EFTIR NÝJUM ÚTLÁNUM

- Gott jafnvægi milli útlána til fyrirtækja og einstaklinga
- Íbúðalán lækka lítillega, einkum vegna skulda-leiðréttingar stjórnvalda
- Góð dreifing milli atvinnugreina í útlánum til fyrirtækja
- Hlutfall vandræðalána heldur áfram að lækka
- Vöxtur í bílalánum meðan yfirdrættir eru að lækka í útlánum til einstaklinga









# FJÁRMÖGNUN

Allar fjárhæðir í milljörðum króna

## BANKINN HEFUR LEITT ENDURKOMU ÍSLENSKRA AÐILA Á ALÞJÓÐLEGA MARKAÐI

- Bankinn gaf út 300 m. evra, óveðtryggð skuldabréf til 3 ára í mars og 800 m. NOK skuldabréf til 5 ára í júní og nóvember
- Bankinn greiddi fyrirfram 2/3 hluta víkjandi lána
- Keypt voru til baka 394 m. NOK af útgáfu frá febrúar 2013. Vextir á bréfinu eru NIBOR +500 bps.
- Bankinn heldur áfram að gefa út sértryggð skuldabréf á íslenskum markaði, í heildina voru gefnir út 20,7 milljarðar kr. á árinu 2015










Arion banki

# EIGIÐ FÉ

**Allar fjárhæðir í milljörðum króna**

## MJÖG STERK EIGINFJÁRSTAÐA ÞRÁTT FYRIR ARÐGREIÐSLUR

- Eiginfjárþáttur B lækkar um 20 ma.kr. vegna fyrirfram-greiðslu víkjandi skulda
- 12,8 ma.kr. arðgreiðsla
- Áhrif af sölu Visa Europe í bækur bankans nemur 2,9 mö.kr. og er færð í gegnum eigið fé
- Bankinn notar staðlaða aðferð við útreikning á áhættuvegnum eignum og er hlutfall áhættuveginna eigna af heildareignum 79,9%
- Áhættuvegnar eignir aukast vegna aukinna útlána, lánsloforða, eignarhluta í félögum (Bakkavör), stórum stöðum í erlendri mynt og aukinnar markaðsáhættu










Arion banki



# KENNITÖLUR OG HORFUR

Arion banki

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eigin fjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Vandræðalán* (%)




Hlutfall lána á móti innlánum (%)
Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)




Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina



Arion banki

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr)




Gjaldeyrisójöfnuður (ma.kr)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)






Arion banki

# HORFUR

## REGLULEG STARFSEMI OG FRAMTÍÐAREIGNARHALD Í FYRIRRÚMI

- Regluleg starfsemi Arion banka gengur vel og bankinn hefur sterka stöðu til að vaxa með viðskiptavinum sínum, bæði innanlands og erlendis
- Verkefnum sem tengjast eignarhlutum í félögum sem bankinn eignaðist í tengslum við endurskipulagningu skulda er að mestu lokið
- Á næstu árum er ekki að vænta verulegra einskiptisliða eins og þeirra sem einkennt hafa reksturinn á undanförnum misserum
- Arion banki er í sterkri stöðu því lausafjárstaða hans er góð og ekki þörf á endurfjármögnun eldri lána á næstunni
- Gert er ráð fyrir bættu lánshæfismati í tengslum við bætt lánshæfi ríkissjóðs sem fjölgar alþjóðlegum fjármögnunarmöguleikum bankans
- Arion banki mun hefja starfsemi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í vor eftir að hafa verið valinn í kjölfar útboðs

- Sterk eiginfjárstaða gerir Arion banka vel undirbúinn að takast á við framtíðaráskoranir
- Afnám fjármagnshafta mun skapa ný tækifæri
- Bankinn sér ekki fram á verulegar breytingar á efnahag við aflettingu fjármagnshafta þótt breytingar verði á samsetningu
- Erlendum innistæðum Kaupþings og láni frá Seðlabanka Íslands, sem selt var til Kaupþings, hefur verið breytt í langtímafjármögnun undir EMTN rammasamningi Arion banka
- Samningar Kaupþings við stjórnvöld kveða á um sölu Arion banka til nýrra eigenda
- Arion banki mun vinna að því með eigendum bankans að finna gæðafjárfesta til að kaupa eignarhlut núverandi hluthafa



Arion banki



Arion banki

# FYRIRVARI

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.


Arion banki